

ENDURBYGGING OG STÆKKUN FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU HB GRANDA, VOPNAFIRÐI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Um er að ræða að endurbyggingu fiskimjölsværksmiðju HB Granda á Vopnafirði og afkastaaukningu hennar úr 650 tonnum hráefnis á sólarhring í allt að 850 tonn á sólarhring. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að almennt séu umhverfisáhrif af rekstri fiskimjölsværksmiðja á loftgæði fremur neikvæð þar sem starfseminni fylgir oft á tíðum allsterk lykt. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að magn hráefnis sem unnið verður til bræðslu í værksmiðju HB Granda á Vopnafirði aukist, muni uppsetning nýrra tækja og nýr mengunarvarnarbúnaður draga verulega úr líkum þess að fyrirhuguð afkastaaukning leiði til aukinnar lyktarmengunar. Engu að síður veltur það að umtalsverðu leyti á gæðum og meðferð þess hráefnis sem tekið er á móti til vinnslu um hvernig tekst að koma í veg fyrir sterka lykt í nágrenni værksmiðjunnar. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að veðurskilyrði sem líkleg eru til að valda umtalsverðri loftmengun séu fremur fátíð og hæð skorsteins og hraði útblásturs frá honum geri það að verkum að draga muni umtalsvert úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna ólyktar frá værksmiðjunni frá því sem nú er.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu HB Granda við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð HB Granda vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fiskimjölsværksmiðja HB Granda, Vopnafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. apríl 2009.

INNGANGUR

Þann 8. janúar 2009 tilkynnti HB Grandi hf. um endurbyggingu og stækkun fiskimjölsverksmiðju sinnar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 5. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 28. janúar 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. janúar 2009. Frekari upplýsingar bárust frá HB Granda með bréfi dags. 3. mars 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð er að endurbyggja fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði og auka afköst hennar úr 650 tonnum hráefnis á sólarhring í allt að 850 tonn á sólarhring. Húsnæði núverandi verksmiðju verði að stærstum hluta endurnýtt fyrir mjölgeymslur og fleira. Áætlað sé að byggja um 2.023 m² verksmiðjuhús ásamt 140 m² ketilhúsi, enn fremur sé gert ráð fyrir mjölsílóum fyrir 2.200 tonn mjöls og um 1.400 m² lekavarnarþró umhverfis tvo, samtals 4.100 m³, lýsistanka sem séu fyrir á svæðinu. Fyrir séu á svæðinu hráefnistankar fyrir 4.200 m³, 160 m² löndunarahús ásamt 600 m² mjöhlúsi sem áætlað sé að nýta. Reksturinn muni fela í sér móttöku hráefnis úr fiskiskipum, vinnslu fiskmjöls og lýsis ásamt geymslu og útskipun þessara afurða. Markmið framkvæmdanna sé, auk þess að auka afkastagetu verksmiðjunnar úr 650 tonnum í 850 tonn, að færa framleiðslutæki, vinnuumhverfi og allan aðbúnað til þess sem best þekkist í dag og með því m.a. að lágmarka mengun frá verksmiðjunni. Nýja verksmiðjan verði afkastameiri en sú eldri, en umhverfisáhrif hennar minni þar sem tæknibúnaður verði uppfærður til þess besta sem menn þekkja í dag. Áætlað sé að óþægindi, mengun og hætta á mengunarslysum minnki verulega með nýrri verksmiðju. Einnig muni aðstaða starfsmanna batna. Talið sé að fyrirkomulag mannvirkja falli vel að skipulagi hafnarsvæðisins og nýti svæði sem ella væru vannýtt auk þess sem há mannvirki séu staðsett neðst á hafnarsvæðinu. Á þann hátt verði þau minna áberandi í umhverfinu.

Breytingar á mannvirkjum. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að fjarlægja einn núverandi lýsisgeyma, byggja nýjan og endurnýja þró undir geymum og koma mengunarförnum í gott horf. Hluti núverandi bygginga hafi verið fjarlægður og þess í stað verði byggt nýtt verksmiðjuhús. Tækjabúnaður eldri verksmiðju verði fluttur í nýja húsið og hluti hans endurnýjaður. Í verksmiðjuhúsinu verði ný starfsamannaaðstaða og eldra verksmiðjuhúsið lagfært og nýtt sem mjölgeymsla. Núverandi mjölgeymsla verði rifin og ný byggð á sama stað, auk þess sem reist verði ný mjölsíló. Í fyrri áfanga eigi að flytja mjölsíló sem nú standa á Granda í Reykjavík, til Vopnafjarðar og reisa þar. Ekki hafi verið tímasett hvenær seinni áfangi (hærri síló) hefjist. Þess utan verði byggður nýr mjöldragari sem flytji mjöl frá nýju verksmiðjunni til sílóa, ásamt nýjum mjöldragara sem flytji mjöl frá sílóum/mjölgeymslu til skips.

Útblástur. Í greinargerð kemur fram að loft frá gufuþurrkara og vinnsluferlum, sem sé um 12.000 m³/klst, verði þvegið og kælt með sjó, meðhöndlað í efnaturni og sett út í umhverfið um 40 m háan skorstein. Lekaloft frá loftþurrkara, um 2.500 m³/klst, verði meðhöndlað á sama hátt og leitt til 40 m skorsteins. Kæliloft frá mjölkæli og kvörn, um 20.000 m³/klst, verði hreinsað af mjölrýki með síubúnaði, þvegið og leitt til sama skorsteins. Um miklar framfarir sé að ræða frá því sem nú er. Mest mengaða hluta lofts sé haldið í lágmarki með lokuðu kerfi og mun tryggara verði að sundrun lyktandi gasa náist í nýjustu gerð efnaturna en með upphitun í katli eins og nú sé gert. Kæliloft frá mjölkæli og kvörn verði þvegið og kælt og sent til skorsteins sem ekki sé gert í dag. Skorsteinar verði hærri og á heppilegri stað en nú sé.

Fram kemur að loftræsting verksmiðjuhúss verði allt að 120.000 m³/klst. Undirþrýstingur verði í húsinu og loft leitt inn í húsið um ristar nærri gólfi og sogað gegnum viftu í rjáfri og blásið út til hins 40 m háa skorsteins. Fyrirhugað verksmiðjuhús sé lengra frá íbúðarhúsum en núverandi verksmiðja, skorsteinar séu hærri og á hagstæðari stað miðað við ríkjandi vindáttir. Einnig sé vinnsluferlið betur lokað og loftræst en áður, þannig að ómeðhöndlað loft sleppi síður úr vinnsluferli út í húsið. Með mikilli loftræstingu sem tekin sé nærri jörðu inn í verksmiðjuna muni lykt umhverfis hana verða lítil og mun minna af menguðu lofti muni ná að komast út úr ferlinu en áður. Loftið muni þynnast mikið í loftræsingunni áður en því verði sleppt í 40 m hæð yfir jörðu. Lyktmengudu lofti muni slá niður mun fjær verksmiðjunni og á heppilegri stöðum en nú sé og gös sem valdið geti ólykt verði útþynntari þegar þau ná jörðu.

Fráveita. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að frárennsli frá verksmiðjunni megi skipta gróflega í fernt.

- 350 m³/klst kæli- og þvottasjór sem verði um 20° heitur. Í hann blandist um 7 m³/klst af þéttivatni frá þurrkurum og eimara.
- Þéttivatn frá eimingartækjum, 16 m³/klst sem verði um 40° heitt.
- Afrennsli af gólfum, þvottur og yfirfall af tönkum um 100 m³/viku þegar verksmiðjan er í gangi.
- Afrennsli starfsmannaáðstöðu sem verði leitt í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

Kælisjórinn með mjög útþynntu þéttivatni muni verða leiddur til sjávar framan við verksmiðjuna. Annað þéttivatn ásamt afrennsli af gólfum og tönkum verði leitt í brunn og dælt þaðan með afrennsli frá matvinnslunni til sjávar utan hafnar í gegnum núverandi lögn. Frárennslið verði alls 30% meira en frá núverandi verksmiðju en fari með svipuðum hætti til sjávar. Helstu breytingar felist í því að mun minni hætta sé á að óæskilegir vökvar og efni berist í frárennslið fyrir slysi og einnig verði umbúnaður dælingar út fyrir garð öruggari og betri.

Fram kemur að möguleikar á að lýsi komist út í umhverfið séu annars vegar frá vinnslunni og þá í gegnum frárennsli af gólfum og hins vegar frá geymslutönkum eða við útskipun. Öllu frárennsli frá gólfum og yfirfalli af vinnslutönkum verði safnað áður en því verði dælt til sjávar. Lýsi sem kunnir að komast í vatnið verði skilið frá í skilvindu. Þá verði byggð lekavarnarþró umhverfis lýsistanka eins og núverandi starfsleyfi geri ráð fyrir.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrir liggi tillaga að deiliskipulagi svæðisins sem hafi verið auglýst án þess að athugasemdir hafi verið gerðar við hana.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Vopnafjarðarhreppur og Heilbrigðiseftirlit Austurlands telja að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að helstu áhrif á umhverfið verði sjónræn þar sem verksmiðjuhús, skorsteinar og einkum mjölsíló verði mun hærri en núverandi byggingar.

Áhrif á loftgæði. Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur æskilegt að sett verði upp vindrós og loftdreifingarlíkan til að unnt sé að sjá fyrir um hvar lyktmengugu lofti muni slá niður, annars vegar áður en háu mjölsílóin verði reist og hins vegar eftir að þau verði reist. Háu sílóin verði jafnhá 40 m skorsteininum og ekki mjög fjarri honum og því þurfi að skýra hvort þau muni hafa áhrif á loftdreifinguna. Ennfremur sé hluti íbúðabyggingarinnar (Hamrahlíð og Búðaröxl) í, um og yfir, 40 m hæð og ekki langt frá verksmiðjubyggingunni. Með nýju og þéttu verksmiðjuhúsi og loftræstikerfi með undirþrýstingi ætti að vera tryggt að lykt berist ekki út í umhverfið. Forsenda þess sé þó að loftræsting sé nægilega öflug til að kæla húsin einnig á heitum sumardögum svo ekki þurfi að opna út. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að mjöl geti verið uppspretta lyktarmengunar. Þar sem núverandi verksmiðjuhús verði notað sem mjölgeymsla og svo virðist sem núverandi mjölhús verði einnig notað sem slíkt þar til sílóin hafi verið reist, sé brýnt að loftræsting frá þessum húsum verði virk, einnig á framkvæmdatíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að NA- og SV-áttir séu ríkjandi í Vopnafjarðarkauptúni. Miðað við gefnar forsendur um útblásturshraða reyks (20 m/s) sé niðurdráttur líklegur þegar vindur sé ríflega 13 m/s í útblásturshæð reykháfs. Sá vindhraði reynist vera í um 12-13% tilvika að degi til, en sjaldnar að næturlagi. Strekkingsvindur sé mun tíðari úr SV-átt. Því sé niðurdráttur reyks frekar að vænta í SV-átt fremur en NA-átt. Þó niðurdráttur sökum vindhraða í um 40 metra hæð sé líklegur við tiltekin veðurskilyrði, þurfi það ekki að þýða að reykur berist alla leið niður til jarðar.

Einnig kemur fram í svörum framkvæmdaraðila að erfitt sé að sýna fram á raunverulegan þátt sílóanna á röskun vinds í NA-átt og áhrif á mögulegan niðurdrátt nema með líkankeyrslu. Ekki sé með óyggjandi hætti hægt að fullyrða að mjölsíló í svipaðri hæð og reykháfur í grennd við verksmiðjuhúsið hafi ekki áhrif á niðurdrátt verksmiðjureyks í NA-átt. Erlend tilraun í vindhermi bendi til þess að áhrif nálægrar byggingar í vindstefnu á þéttu mengunarefna niðri við jörð séu talsverð, sérstaklega þegar fjarlægð á milli bygginganna sé lítil eða minni en hæð þeirra (fjarlægð á milli hærri mjölsílóa og reykháfs sé 83 metrar). Með því að gera ráð fyrir sæmilegum loftbilum á milli sílóanna verði áhrif þeirra á vind í umhverfinu talsvert minni en ella. Sérstaklega muni minnka til muna bakflæði lofts og niðursog á milli mjölsílóanna og verksmiðjuhúss.

Áhrif af völdum fráveitu. Umhverfisstofnun bendir á að þó fráveituvatn aukist um 30% séu allar aðstæður fyrir hendi til að fylgjast vel með og koma í veg fyrir mengun ef með þarf og eðlilegt sé að á slíku sé tekið í starfsleyfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að endurbyggingu fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði og afkastaaukningu hennar úr 650 tonnum hráefnis á sólarhring í allt að 850 tonn á sólarhring. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að almennt séu umhverfisáhrif af rekstri fiskimjölsverksmiðja á loftgæði fremur neikvæð þar sem starfseminni fylgir oft á tíðum allsterk lykt. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að magn hráefnis sem unnið verður til bræðslu í verksmiðju HB Granda á Vopnafirði aukist, muni uppsetning nýrra tækja og nýr mengunarvarnarbúnaður draga verulega úr líkum þess að fyrirhuguð afkastaukning leiði til aukinnar lyktarmengunar. Engu að síður veltur það að umtalsverðu leyti á gæðum og meðferð þess hráefnis sem tekið er á móti til vinnslu um hvernig tekst að koma í veg fyrir sterka lykt í nágrenni verksmiðjunnar. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að veðurskilyrði sem líkleg eru til að valda umtalsverðri loftmengun séu fremur fátíð og hæð skorsteins og hraði útblásturs frá honum geri það að verkum að draga muni umtalsvert úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna ólyktar frá verksmiðjunni frá því sem nú er.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur nauðsynlegt að í starfsleyfi verði ákvæði um fyrirkomulag og eftirliti með mengunarefnum í fráveitu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu HB Granda við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð HB Granda vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fiskimjölsverksmiðja HB Granda, Vopnafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. apríl 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson